

111. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Dagsetning: 01.09.2023

Tímasetning: 12:30

Staðsetning: Hlíðasmári 10, 201 Kópavogi

Mættir eru: Kristín Amy Dyer, Sveinn Gíslason, Katrín Helga Reynisdóttir og Ásgeir Guðmundsson. Friðrik Ómarsson og Kristján Ingi Gunnarsson sitja fundinn með fjarbúnaði. Ólafur Björnsson forfallaðist en í hans stað situr Sigurður Sigurbjörnsson.

Fundinn rita: Ásgeir Guðmundsson og Kristín Amy Dyer

Fundaskrá

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar
2. Farið yfir ársreikning 2022
3. Farið yfir uppfærða rekstraráætlun 2023
4. Samstarfssamningur við Tekt kynntur
5. Önnur mál

1. Þessum lið var ákveðið að sleppa þar sem stjórnarmenn höfðu þegar samþykkt fundargerðina í tölvupósti.
2. Í upphafi fundar fer formaður yfir ársreikning 2022 sem hefur verið undirritaður af skoðunarmanni og fyrrverandi framkvæmdastjóra. Áður en stjórnarmenn geta skrifað undir ársreikninginn vilja þeir fá frekari skýringar á kostnaðarliðum “auglýsingar” og “aðkeypt þjónusta” sem hækkar töluvert á milli ára.
3. Uppfærð rekstraráætlun 2023 sýnir tap er nemur 1.930.815 kr. við árslok. Stjórnarmenn sammælast um að leggja áherslu á að setrið auki tekjur til að reyna minnka tapið.
4. Kristján Ingi Gunnarsson mætir á fundinn í Hlíðarsmára 10 og því ekki lengur að notast við fjarbúnað. Kristján Ingi kynnir fyrir stjórnarmönnum verksamning sem hann og Björn Jónsson fyrrverandi framkvæmdastjóri höfðu lagt drög að, að ósk stjórnarmanna á síðasta stjórnarfundum.

Verksamningur sýnir að verktaki muni sjá um viðveru í setrinu, fjármál, bókhald, þrif, markaðsmál og að efla þátttöku í setrinu fyrir fasta upphæð á mánuði sem nemur 300.000 kr.

Verktaki mun framvegis skila skýrslu til stjórnar mánaðarlega sem sýnir framvindu og fjárhagsstöðu setursins svo árangur sé mælanlegur.

Kosið var um samninginn og var hann samþykktur samhljóða með lítilli breytingu á uppsagnarákvæði en verktaki og stjórn Markaðsstofunnar geta sagt upp þessum samning með eins mánaða fyrirvara.

5. **Aðalfundur** kom til umræðu og þörf er að finna dagsetningu fyrir hann.

Ákveðið var að formaður, Kristín Amy Dyer fari með prófkúru á bankareikningi og á innkaupakorti.

Formaður og umsjónarmaður setursins, í þessu tilfelli Kristján Ingi Gunnarsson og Sigrún Inga Briem verða með aðgang að bókhaldskerfi og öðrum kerfum setursins.

Fundi slitið: 13:45